

Rangárþing ytra  
Haraldur Birgir Haraldsson  
Suðurlandsvegi 1-3,  
850 Hellu

23. febrúar 2026  
202602-0034/A.B.

## Efni: Umsögn - Framkvæmdaleyfi - Hvammsvirkjun raflínur - Rangárþing ytra.

Vísað er til erindis skipulags- og byggingarfulltrúa Rangárþings ytra er barst 6. febrúar sl. þar sem óskað er umsagnar um umsókn Landsnets hf. um framkvæmdaleyfi vegna hliðrunar á Búrfellslínu 1 á austurbakka Þjórsár, auk tímabundinna mannvirkja vegna tengingar við Hvammsvirkjun.

Samkvæmt umsókninni felur framkvæmdin í sér hliðrun á um 0,6 km kafla línunnar innan sveitarfélagsins, niðurrif sex mastra og uppsetningu sjö nýrra auk tveggja ramma við nýtt tengivirki, jarðvinnu vegna undirstaðna og stagfestna, slóðagerð að mastrastæðum og efnistöku úr leyfisbundnum námum. Áætlað er að framkvæmdir standi á tímabilinu 2026–2029.

Framkvæmdasvæðið er á austurbakka Þjórsár og einkennist af graslendi og lítt grónu, sandorpnu hrauni.

### Sérstök vernd

Náttúruverndarstofnun bendir á að innan framkvæmdarsvæðisins er hraun sem nýtur sérstakrar verndar samkvæmt 61. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd.

Í 61. gr. laganna er kveðið á um sérstaka vernd þeirra vistkerfa og jarðminja sem taldar eru upp í 1. mgr. og 2. mgr. sama ákvæðis. Samkvæmt 3. mgr. ákvæðisins ber að forðast röskun þeirra náttúrufyrirbæra, sem undir greinina falla, nema brýna nauðsyn beri til og ljóst að aðrir kostir séu ekki fyrir hendi. Í greinargerð með frumvarpi til laga um náttúruvernd er með orðalaginu „brýn nauðsyn“ lögð áhersla á að einungis mjög ríkir hagsmunir geti réttlætt röskun og þá fyrst og fremst brýnir almannahagsmunir.

Náttúruverndarstofnun bendir á að eldhraun sem er að öllu leyti sandorpið eða hulið jarðvegi og gróðri og ekki er lengur hægt að greina hvort um hraun sé að ræða hefur að öllu jöfnu tapað þeim einkennum sem mynda verndargildi þess sem jarðmyndunar eða „hraunvistgerðar“ og nýtur það því ekki sérstakrar verndar samkvæmt greininni. Ákvæðið útilokar þó ekki að aðrir eiginleikar, svo sem jarðsögulegir eiginleikar eða eiginleikar þess gróðurs sem vex á svæðinu, hafi sérstakt verndargildi.

Stofnunin bendir á að skylt er að afla framkvæmdaleyfis, eða eftir atvikum byggingarleyfis, vegna allra framkvæmda sem fela í sér röskun á svæðum sem njóta sérstakrar verndar, sbr. skipulagslög og lög um mannvirki. Á þetta að tryggja að tekið sé til ítarlegrar skoðunar hvort framangreint skilyrði sé uppfyllt. Við mat á leyfisumsókn ber að vega saman mikilvægi náttúruminjanna sem í húfi eru og hagsmuni af fyrirhugaðri framkvæmd. Við matið skal litið til verndarmarkmiða 2. og 3. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd, auk þess sem tekið skal mið af mikilvægi minjanna og sérstöðu í íslensku og alþjóðlegu samhengi, sbr. 3. og 4. mgr. 61. laganna.

Ákveði leyfisveitandi að veita leyfi þrátt fyrir framangreint skal hann, með vísan í 5. mgr. 61. gr. náttúruverndarlaga, rökstyðja þá ákvörðun sérstaklega og gera grein fyrir öðrum kostum sem skoðaðir hafa verið sem mögulegir valkostir við útfærslu framkvæmdarinnar og ástæðum þess að þeir urðu ekki fyrir valinu. Einnig skal gera grein fyrir fyrirhuguðum mótvægisáðgerðum, sem og mögulegri endurheimt náttúruverðmæta þegar það á við. Þá skal afrit af útgefnu leyfi sent Náttúruverndarstofnun, sbr. 6. mgr. ákvæðisins.

Þess má einnig geta að leyfisveitanda er heimilt, skv. 5. mgr. 61. gr. náttúruverndarlaga, að binda leyfi þeim skilyrðum sem eru nauðsynleg til að draga úr áhrifum framkvæmdarinnar á þau náttúrufyrirbæri sem verða fyrir röskun.

### **Gróður og vistgerðir**

Í umsóknargögnum kemur fram að framkvæmdasvæðið sé annars vegar graslendi næst Þjórsá og hins vegar lítt gróið og sandorpið hraun fjær ánni. Náttúruverndarstofnun bendir á að samkvæmt vistgerðarkorti Náttúrufræðistofnunar er ríkjandi vistgerð á svæðinu língresis- og vingúlsvist. Í slíkri vistgerð getur verið ríkt fuglalíf. Algengir varpfuglar eru m.a. þúfutittlingur, hrossagaukur, lóupræll, spói og stelkur. Af þessum tegundum eru spói og lóupræll ábyrgðartegundir Íslands, og ber Ísland alþjóðlega verndarskyldu gagnvart þeim. Þessar mófuglategundir standa almennt höllum fæti og hefur stofnum þeirra hrakað mikið frá aldamótum vegna búsvæðaeyðingar.

Náttúruverndarstofnun bendir á að jarðvinna vegna undirstaðna og slóðagerðar felur í sér rask á gróðurþekju og mögulegum varpsvæðum og því mikilvægt að liggja fyrir áætlun um frágang- eða uppgræðslu.

Að mati stofnunarinnar þarf að tryggja að framkvæmdir raski ekki varpi á viðkvæmum tíma. Þá þarf að gera skýra áætlun um frágang raskaðra svæða þannig að staðargróður og búsvæði fugla verði endurheimt að framkvæmdum loknum.

Virðingarfyllt,

Axel Benediktsson

***sérfræðingur***

Fróði Guðmundur Jónsson

***sérfræðingur***